

Deloitte.

Skattabreytingar – frá
virðisaukaskatti til nýsköpunar

Skattadagur 2015

Akureyri 23. janúar 2015

Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte ehf.



Skattalagabreytingar síðasta árs vörðuðu fjögur megin svið



Virðisaukaskattur



Vörugjöld



Tekjuskattur og tryggingagjald




Nýsköpun



Ýmsar aðrar breytingar

Virðisaukaskattur



Fimm megin markmið breytinga á lögum um virðisaukaskatt



Talsverðar breytingar á virðisaukaskattslögunum

Taka ýmist gildi 1. janúar 2015 eða 1. janúar 2016

Efra þrepið lækkar úr 25,5% í **24%**; afreikningshlutfall er **19,35%** (80,65%).

Lægra þrepið hækkar úr 7% í **11%**; afreikningshlutfall er **9,91%** (90,09%).




- Undanþegin vinna og þjónusta
- Undanþegin velta



- Gistþjónusta,
- afnotagjöld útvarpsstöðva,
- sala tímarita, bóka, geisladiska,
- sala á heitu vatni o.þ.h. til hitun húsa og lauga,
- matvara,
- aðgangur að vegamannvirkjum,
- smokkar og bleiur.

Nýtt frá 1. janúar 2016:


- Skattskyldir fólksflutningar,
- aðgangseyrir að baðhúsum o.þ.h.,
- þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda.



- Öll önnur vara og þjónusta

„Allir vinna“ átakið var ekki framlengt

Tók gildi 1. janúar 2015



Endurgreiðsla vegna íbúðarhúsnæðis

Gildistími bráðabirgðaákvæðis sem kvað á um tímabundna hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði o.fl., verður ekki framlengdur.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði lækkaði úr 100% í **60%**.

Jafnframt fellur niður heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts:

- ✓ vegna vinnu við frístundahúsnæði,
- ✓ vinnu við hönnun og eftirlit við byggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis,
- ✓ og enn fremur endurgreiðsla vegna vinnu við annað húsnæði í eigu sveitarfélaga.

Nær nú einungis til vinnu við viðhald og endurbætur.

Undanþága fyrir vistvænar bifreiðar framlengd

Tók gildi 1. janúar 2015

Aðrar breytingar á VSK lögum



Innflutningur

- ✓ Heimild til að færa innskatt vegna VSK sem greiddur er í tolli vegna eigin innflutnings þótt einungis hluti VSK hafi verið greiddur er framlengd til 31. desember 2015.

Vistvænar bifreiðar

- ✓ Heimild til þess að telja hluta söluverðs vistvænna bifreiða til undanþeginnar veltu verður framlengd til og með 31. desember 2015.
- ✓ Við sölu bifreiðar er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:
 - 6.000.000 kr. vegna rafmagns- og vetnisbifreiðar,
 - 4.000.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar.
- ✓ Tollstjóra er heimilt að fella niður virðisaukaskatt við tollafgreiðslu:
 - 1.530.000 kr. af rafmagns- eða vetnisbifreið
 - 1.020.000 kr. af tengiltvinnbifreið

RSK veittar auknar heimildir

Tók gildi 1. janúar 2015



Heimildir RSK til lokunar starfsstöðva

Ríkisskattstjóri sams konar heimild til lokunar starfsstöðvar og skattransóknarstjóri hefur nú ef ...

- aðili vanrækir skyldu til færslu bókhalds
- aðili vanrækir skyldu til að nota tilskilið söluskráningarkerfi eða því er verulega áfátt

Nýtt:

- *aðili vanrækir tilkynningarskyldu*
- *aðili vanrækir skilaskyldu*
- *aðili hefur sætt áætlun VSK í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum 2 árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili.*

Talsverðar breytingar varðandi fólksflutninga

Tekur gildi 1. janúar 2016



Fólksflutningar – skattskyld starfsemi

Fólksflutningar verða almennt VSK-skyldir í 11%

Innifalið afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.

Þeir fólksflutningar sem verða undanþegnir VSK :

- Almenningsgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi,
- Skipulögð ferðaþjónusta fatlaðs fólks
- Skipulagðir flutningar skólabarna
- Akstur leigubifreiða
- Sjúkraflutningar
- Fólksflutningar úr landi og milli landa

6.tl. 3. mgr. 2. gr. VSK laga fyrir breytingar:

„Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.“

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Tekur gildi 1. janúar 2016



Ferðaskrifstofur – skattskyld starfsemi

Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda verður virðisaukaskattskyld, ýmist skv. 11. gr. (m/vsk) eða 12. gr. (án vsk).

Skattskyld þjónusta ferðaskrifstofa - 11% virðisaukaskattur:

- ✓ Þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.

Undanþegin velta:

- ✓ Velta vegna þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda þar sem hún telst veitt utan Íslands að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.

Áður undanþegið skv. 13.tl. 3. mgr.
2. gr. VSK laga :
„Þjónusta ferðaskrifstofa.“

Aðgangseyrir að baðhúsum verður VSK skyldur

Tekur gildi 1. janúar 2016



Íþróttastarfsemi – Aðgangur að baðhúsum

Breyting gerð á undanþáguákvæði vegna íþróttastarfsemi.

Undanþágan tekur til skipulagðrar íþróttastarfsemi:

- ✓ Aðgangseyris að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum, aðgangseyris og annarra þóknana fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til íþróttaiðkunar, s.s íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna og líkamsræktarstöðvum

Aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum falla ekki lengur undir undanþáguákvæði.

- ✓ 11% skattþrep frá 1. jan. 2016.

5. tl. 3. mgr. 2. gr. VSK laga fyrir breytingar:
„Íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.“

Breytingar á virðisaukaskattskerfinu skapa þó iðulega önnur álitamál

Tegund kaupa	2014	2016
Gisting	7%	11%
Veitingar	7%	11%
Áfengi	25,5%	24%
Hestaferð*	0%	11%
Hesta- og bílaleiga	25,5%	24%
Rútuferð m/leiðs.*	0%	11%
Rútuferð á áætl.	0%	0%
Sund	0%	0%
Útsýnisflug*	0%	11%
Leiga á fjórhjól	25,5%	24%
Fjórhjólaferð*	0%	11%
Hvalaskoðun	0%	11%
Stangveiði	0%	0%
Sjóstangveiði*	0%	11%

ÞEIR VÖLDU DANCALL
UMFRAM AÐRA BÍLASÍMA Á MARKAÐNUM

ZENITH data systems

Fyrir framtíðina.
Tölvur í sérflokk.
Innifalið í verði
Stjórnkerfi CP/M
HDOS, MBASIC
og supercalc.
Tilboð í máí
afsláttur 10%

SAMEIND HF. TELEPH. 91-21366
P. O. BOX 7150 GRETTSIGATA 46 127 REYKJAVÍK — ICELAND
INNFLOTNINGUR — HÖNNUN OG RÁÐGEFANDI RÁFENDAPJÓNUSTA

*VSK-lögin að grunni til frá árinu 1982
eins og þessar fínu vörur*

Í breytingunum var ekki tekið á hinni hlið VSK-peningsins, þ.e. innskattinum

Rekstur 1.1.2014

Rekstur 1.1.2015

Rekstur 1.1.2016

VSK-skylda?

- Þjónusta hóp bifreiða ekki VSK-skyld

- Þjónusta hóp bifreiða ekki VSK-skyld

- Þjónusta hóp bifreiða VSK-skyld í 11%

Innskattsheimild?

- Gátu fengið 2/3 VSK endurgreiddan og 1/3 við sölu úr landi ef keypt fyrir 2014/2015
- Sala á hóp bifreiðum með 25,5% VSK
- Ekki hægt að innskatta aðföng

- Endurgreiðsluheimild vegna sölu úr landi **enn** til staðar
- Sala á hóp bifreiðum með 24% VSK
- Ekki hægt að innskatta aðföng

- Endurgreiðsluheimild vegna sölu úr landi **kannski** til staðar
- Sala á hóp bifreiðum með 24% VSK
- Ekki hægt að innskatta aðföng þ.m.t. bifreiðar og rekstur

Vörugjöld




Almennt vörugjald fellur niður um áramótin

45 ára saga vörugjalda


- Uptaka vörugjalda ætlað að vega upp tollatekjutap í kjölfar aðildar að EFTA árið 1970.
- Kerfið endurskoðað með lögum nr. 97/1987 og var vörugjald lagt á skýrt afmarkaða vöruflokka og einu gjaldhlutfalli beitt, en yfir 30 breytingar voru gerðar á því kerfi
- Almennu vörugjöldin skiptust í fimm vöruflokka, þ.e. sykruð matvæli og drykkjarvörur, byggingavörur (bílvörur o.fl.), stærri heimilistæki og önnur raftæki.
- Þessi vörugjöld féllu niður frá og með 1. janúar en innfluttar vörur fyrir þann tíma bera gjöldin því þau eru greidd við tollafgreiðslu en ekki við sölu, ólíkt innlendri framleiðslu.
- Eftir standa sértæk vörugjöld á vörur eins og áfengi, tóbak, eldsneyti og bifreiðar – en ekki varahlutir í bifreiðar þ.m.t. hjólbarðar

Afnám vörugjalds og breytingar á VSK – dæmi um áhrif á smásöluverð



Miðað er við að að heildsölu- og smásöluálagning sé 50% á allt.

Tekjuskattur og tryggingagjald



Tryggingargjald lækkar ekki í samræmi við áður samþykkt lög

- Tryggingagjald lækkar um 0,1% - átti að lækka um 0,34% og fara í 7,25% en fer í 7,49%
- Tekjuviðmiðunarmörk hækka um 6,6% í samræmi við hækkun launavísitölu
- Persónuafsláttur hækkar um 0,8% í samræmi við vísitölu neysluverðs



Nýsköpun



Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 voru framlengd um 5 ár

- ✓ Síðastliðin fjögur ár hafa nýsköpunarfyrirtæki getað sótt um ívilnanir vegna rannsókna og þróunar.

1.025 Umsóknir vegna rannsóknar- og þróunar bárust Rannís árin 2011-2014

3,86 Milljörðum króna var úthlutað í formi skattafrádráttar á tímabilinu

89% Af heildarfjárhæð skattafrádráttar hefur verið í formi endurgreiðslna

92 Fyrirtæki að meðaltali fengu skattafrádrátt hvert ár um sig

4/5 Hlutar fyrirtækja sem sóttu um hjá Rannís voru í 4 atvinnugreinum

Skattafrádráttur getur numið allt að **20%** af útlögðum kostnaði

Frádráttur er greiddur út sé hann **hærri** en álagður tekjuskattur

Hægt er að nýta sér ívilnanir til lok árs **2019**

Sækja þarf um staðfestingu Rannís fyrir **1. október**

Hámarksfrádráttur á rekstrarári fyrir hvert fyrirtæki er **20-30 m.kr.**

Lágmarksfjárhæð sem þarf að verja árlega til R&D er **1 m.kr.**

Fyrirtæki í fjárhagsvanda eða sem ríkissjóður á útistandandi endurgreiðslukröfu vegna ólögmetrar ríkisaðstoðar geta **ekki** notið ívilnana samkvæmt lögnum.



Ýmsar aðrar breytingar



Lög um ýmsar forsendur fjárlaga fyrir árið 2015

Gerðar voru ýmsar breytingar

01/

Losunargjald

Losunargjald er lagt á rekstraraðila starfsstöðva sem undanskildir hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Gjaldið nemur 865 kr. fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar

02/

Úrvinnslugjald

Úrvinnslugjald á raf- og rafeindatæki í tilteknum tollskrárnúmerum (verður á bilinu 4-72 kr. á kg.). Úrvinnslusjóður mun tryggja söfnun og meðhöndlun raf- og raftækjaúrgangs.

03/

Eftirlitsgjald

Breytingar eru gerðar á gjaldhlutföllum af álagningarstofnum vegna kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins og umboðsmanns skuldara

Bráðabirgðaákvæði um skuldaeftirgjöf og umbreytingu í hlutafé ekki framlengt

Með lögum árið 2010 voru gerðar breytingar á skattlagningu eftirgjafar og umbreytingu skulda í hlutabréf ...

- Lögaðilum og þeim sem stunda atvinnurekstur var heimilt að tekjufæra einungis hluta af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika árin 2009-2014
- Auk þessa var sérstakt ákvæði um umbreytingu skulda í sama ákvæði:
 - Þegar kröfu var breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar var það talið fullnaðargreiðsla hennar
 - Þó þannig að verðmeta varð virði hlutafjárins og þannig bar að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar.


... en bráðabirgðaákvæði þess efnis var ekki framlengt núna fyrir áramót sem kallar á ákveðnar spurningar

- Hér eftir verður því að tekjufæra að fullu eftirgjöf skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika
- Stóra spurningin er hins vegar sú hvort umbreyting muni samt sem áður leiða til skattlagningar hjá skuldara ef mismunur er á verðmæti hlutafjár og bókfærðu verði kröfunnar?

Hverju tókst ekki að ljúka?

Ívilnanir til nýfjárfestinga (11. þingmál) byggðaaðstoð

- Hámark ívilnunar er 15% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði þess fjárfestingarverkefnis sem sótt er um ívilnun fyrir. Fyrir meðalstór fyrirtæki er hámarkið 25% og 35% fyrir lítil fyrirtæki
- Skattalegar ívilnanir, s.s. 15% tekjuskattshlutfall, 50% lægra hlutfall fasteignaskatts og tryggingagjalds, undanþágur frá tollum og valkostir um fyrningu.
- Skattalegar ívilnanir gilda í 10 ár frá því félag sem nýtur ívilnunar hefur greiðslu gjalda eða skatta, þó aldrei lengur en 13 ár frá undirritun fjárfestingarsamnings.
- Eingöngu kostnaður sem fellur til eftir gildistöku frumvarpsins getur talist fjárfestingarkostnaður í skilningi þess.



Aðeins grænu svæðin geta notið byggðaaðstoðar

Hverju tókst ekki að ljúka?

Ýmsar breytingar (356. þingmál)

- Söluhagnaður aðila með takmarkaða skattskyldu af hlutabréfum og afleiðum sæti afdrætti staðgreiðslu skv. lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda
- Brottfelling skyldu lögaðila til að afhenda ríkisskattstjóra sameignarfélagssamning með skattframtali.
- Reglur um milliverðlagningu, tilvísun til leiðbeininga OECD felld brott og skilgreining á tengdum aðilum einfölduð
- Hækkun á tekjuskattshlutfalli manna með takmarkaða skattskyldu úr 18% í 20% til að gæta samræmis við áður lögfestar hækkunir manna og lögaðila
- Rekstur vatnsveitna og/eða fráveitna sé ekki undanþeginn greiðslu fjármagnstekjuskatts
- Tollstjóri annist innheimtu opinberra gjalda í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu – sem verður eitt embætti
- Eindagi tekjuskatts verði síðasti virki dagur mánaðar eftir gjalddaga í stað 30 dögum eftir gjalddaga
- Framlenging á bráðabirgðaákvæði um skattalega meðferð eftirgjafar skulda rekstraraðila út árið 2014
- Rafeyrisfyrirtæki verði skattskyldir aðilar skv. lögum um fjársýsluskatt
- Undapága tollalaga, umboð tollmiðlara, kæruleiðir vegna tollafgreiðslu, vörugjöld af tilteknum bifreiðum o.fl.



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee (“DTTL”), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as “Deloitte Global”) does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte’s more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.